

Nd.

912. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá launamálanefnd.

Frv. þetta hefir tekið þeim breytingum í hv. Ed., að nú er ákveðið, að helmingur launanna komi úr landssjóði í stað $\frac{1}{3}$. Nefndin vill ekki gera þetta atriði að kappsmáli milli deilda, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. sept. 1919.

Magnús Pjetursson,
form., framsm.

Pórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Matth. Ólafsson.
Með fyrirvara.

Jón Jónsson.

Þorsteinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson.
Með fyrirvara.

Þó jeg að ýmsu leyti sje ósamþykkur frumvarpinu, get jeg eftir atvikum fallist á, að það nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú er.

Hákon J. Kristófersson.